



Aðalfundur Aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu 10. mars 2009.

### Skýrsla formanns

Á aðalfundi félagsins 12. apríl 2008 voru eftirtaldir aðilar kosnir í aðalstjórn félagsins:

Gunnar Gíslason, formaður

Guðrún Kaldal, varaformaður

Unnur Halldórsdóttir, ritari

Hjalti Ástbjartsson, gjaldkeri.

Varð breyting á Aðalstjórn félagsins á aukaaðalfundi félagsins sem var haldin í október þegar Unnur Halldórsdóttir fór úr aðalstjórn og tók við formennsku í handknattleiksdeild Gróttu. Ásthildur J. Kristjánsdóttir var kosinn ritari í stað Unnar.

Aðalstjórn fundaði að jafnaði einu sinni í mánuði og fundi hennar sitja einnig, framkvæmdarstjóri og íþróttafulltrúi félagsins ásamt formönnum deilda eða varamanna þeirra.

Það hvílir mikil ábyrgð á þeim sem skipa Aðalstjórnir íþróttafélaga og deilda þess og margir sem bjóða sig fram gera sér ekki grein fyrir þeirri ábyrgð sem þessu fylgir. Aðalstjórn félags ber t.d. ábyrgð á öllum fjárhagslegum skuldbindingum deilda innan félagsinsins. Í nýjum lögum félagsins sem verða borin upp til samþykktar á eftir er t.d. skerpt á að deildir félagsins mega ekki gera samninga sem skuldbinda deildir fjárhagslega án formlegs samþykkis Aðalstjórnar

Íþróttamaður Gróttu fyrir árið 2007 var valinn á sumardaginn fyrsta, fyrir valinu varð Anna Úrsúla Guðmundsdóttir. Nýlega var kjör Íþróttamanns Gróttu fyrir árið 2008 kunngert og það var Finnur Ingi Stefánsson handknattleiksmaður sem varð fyrir valinu. Nokkrir einstaklingar hlutu einnig viðurkenningar fyrir sitt starf fyrir félagið og hlutu gull, silfur eða bronsmerki. Kjör Íþróttamanns Gróttu mun verða í framtíðinni haldið á tímabilinu 15. desember – 15 janúar ár hvert.

Íþróttafélagið Gróttu er með samþykka eineltisstefnu og forvarnarstefnu. Gefin var út foreldrahandbók til handa foreldrum iðkenda barna í Gróttu. Þessi gögn eru aðgengileg á heimasíðu félagsins og hafa verið kynnt þjálfurum og foreldrum en hér er um málefni að ræða sem forráðamenn og þjálfarar þurfa stanslaust að fylgjast með og fara eftir.

Félagið hélt Íþróttþingi í byrjun júní og mættu fjölmargir forráðamenn deilda, flokka og foreldrar til að koma sínum skoðunum á framfæri. Guðrún Kaldal stjórnaði þessu þingi af miklum dugnaði og fékk

félagið fullt af gögnum sem hefur verið unnið með í gerð stefnumótunar fyrir félagið og uppfærslu á fyrirmyndarfélagi ÍSÍ. Þessari vinnu á að vera lokið næsta haust.

Íþrótt- og heilsuakademía Gróttu í samvinnu við Valhúsaskóla var hleypt af stokkunum síðastliðið haust sem valfag í skólanum. Hægt var að velja um handbolta og/eða fótbolta. Það voru 39 krakkar sem hófu þetta nám og hefur það hlotið mjög góðar undirtektir af skólayfirvöldum sem og krökkunum sjálfum. Að því er stefnt að bjóða einnig upp á þetta nám næstkomandi haust.

Gróttu/Glitnis dagurinn var haldin í lok ágúst eins og tíðkast hefur undarfarin ár undir góðri stjórn knattspyrnudeildar. Tókst þessi dagur mjög vel og fjöldi fólks mætti á svæðið.

Á Gróttu/ Glitnisdeginum var gerður samningur á milli aðila þar sem Glitnir hélt áfram að vera helsti styrktaraðilinn félagsins fyrir utan bæjarfélagið. Aðilar voru mjög sáttir við samninginn en aðstæður hafa breyst mjög mikið eftir fall bankans og var þessu samningi sagt upp af hálfu bankans. Aðilar hafa nú gert nýjan samning sem gildir til 1. maí 2010.

Félagið gerði búningasamning til fjögurra ára við Errea eftir að hafa fengið og metið tilboð, frá nokkrum aðilum um að sjá félaginu fyrir keppnis- og æfingafatnaði. Það er stórt og mikið mál fyrir heilt félag að skipta um búninga, málið var vel unnið af hálfu Íþróttafulltrúa félagsins og framkvæmdarstjóra og færur við þeim bestu þakkir fyrir. Félagið er nú með góðan samning við Errea og þeir hafa einnig staðið sig vel í að útvega félaginu og iðkendum þá vöru sem óskað er eftir og aðgengi að henni er mjög gott með söluhorni í verslun Hagkaupa á Eiðistorgi.

Við gerð samnings við Errea var gerð breyting á litasamsetningu búninganna sem nú endurspeglast í gulum og bláum litum úr félagsmerki Gróttu. Í framhaldi af þessum samningi keypti Gróttu merkingarvél og hefur það sparað töluverðan pening fyrir félagið og deildir þess.

Framkvæmdir við stúkubyggingu hefur dregist mjög á langinn. Stúkan átti að vera tilbúin sumarið 2008 en nú stefnir í að hún verði til fyrir keppnistímabilið sem nú fer í hönd.

Næsta stóra byggingarverkefni í kringum félagið er fimleikahús en sú bygging er á núverandi 3 ára fjárhagsáætlun bæjarins og hönnunarvinna á að fara í gang á þessu ári. Það er mjög mikilvægt að bærinn standi við gefinn loforð um að þetta verkefni klárast innan tímamarka og helst fyrr þar sem aðstaða fimleikadeildar er farin að hamla uppgangi deildarinnar sem hefur verið mikill undanfarin ár.

Vandamál vegna bílastæða og umferðar í kringum íþróttamannvirkin hafa ekki verið leyst ennþá af hálfu bæjarins þó svo að málið hafi verið fyrst kynnt bæjaryfirvöldum í september 2007. Aðalstjórn sendi nýlega enn einu sinni erindi um málið inn til skipulagsnefndar bæjarins og bindur félagið vonir um að það verði til þess að málið fari loks á stað og bílastæðisvandamál verði úr sögunni á næstu mánuðum.

Félagið framkvæmdi þjónustukönnun á meðal foreldra barna sem iðka og iðkuðu íþróttir á vegum félagsins og verið að vinna úr henni þessa dagana.

Félagið tók á mótum dönskum handboltakrökkum frá Herlev vinabæ Seltjarnarnesbæjar síðastliðið haust. Bjarni Torfi Álfþórsson og íþróttafulltrúa félagsins skipulögðu heimsóknina fyrir hönd félagsins og

voru danirnir mjög ánægðir með móttökurnar og hefur opnast möguleiki á að endurgjalda þessa heimsókn síðar meir.

Helstu verkefni aðalstjórnar á komandi mánuðum mun liggja í stefnumótun félagsins og halda áfram að byggja upp félagið innan frá, t.d. með því að auka þátt foreldra í starfi barna sinna og halda vel utan um fjárhag félagsins og deilda þannig að félagið og deildir verði áfram skuldlausar og reknar með skynsemi að sjónarmiði.

Aðalstjórn vill þakka þeim Hjalta Ástbjartsyni og Ásthildi J. Kristjánsdóttir fyrir samstarfið í Aðalstjórn en þau gefa ekki kost á sér í næstu stjórn.

Ég vil einnig bjóða nýja aðila velkomna í stjórnir deildanna og óska þeim velfarnaðar í starfi.

Aðalstjórn þakkar ÍTS, Seltjarnarnesbæ, Gold boys, Glitni og Lyf og heilsu fyrir mjög gott samstarf og öflugan stuðning við félagið. Gold boys og ÍTS afhentu félaginu sitthvora milljónina í styrk við kjör íþróttamanns Gróttu og þökkum við þeim enn og aftur kærlega fyrir.

Aðalstjórn vill einnig þakka öllum þeim foreldrum og stuðningsmönnum sem koma að starfinu í sjálfboðavinnu, því félagið er aldrei sterkara en þeir einstaklingar sem koma að því.

Framkvæmdarstjóra, íþróttafulltrúa, samstarfsmönnum í aðalstjórn og starfsmönnum íþróttamiðstöðvar þakka ég fyrir gott samstarf á liðnu tímabili.

Gunnar Gíslason

Formaður Aðalstjórnar